

Skipulagsstofnun  
Jóhanna Hrund Einarsdóttir  
Borgartún 7b  
105 Reykjavík

Reykjavík, þriðjudagur, 21. desember 2021  
UST202112-104/B.S.  
10.05.01

### **Efni: Mat á umhverfisáhrifum - efnistaka – Hjálmholtsnáma. Umsögn**

Vísað er til erindis Skipulagsstofnunar dags. 8. desember sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um mat á umhverfisáhrifum frekari efnistöku úr Hjálmholtsnámu við Skeiða- og Hrunamannaveg. Þessi náma hefur einnig verið kölluð Merkurhraun en hér eftir Hjálmholtsnáma. Fyrirhugað er að taka 150.000 m<sup>3</sup> af efni úr námunni á næstu árum á allt að 25 ha svæði. Efnistaka hefur farið fram í námunni um áratuga skeið og er flatarmál námunnar í dag um 12 ha.

Náman er í Þjorsárhrauni sem þarna er nokkuð sandi orpið og er ríkjandi vistgerð á svæðinu melamóavist sem er víða í Þjorsárhrauni og hefur ekki hátt verndargildi og annað náttúrufar er fátæklegt

Umhverfisstofnun telur að núverandi náma gefi góða mynd af áhrifum frekari efnistöku úr námunni. Bent skal á að þegar efni er tekið af jafn stóru svæði og hér er fyrirhugað á að leggja mikla áherslu á að ganga frá námunni samhliða efnistökunni eins og fram kemur í matskýrslu. Þarna mun falla til talsverð ofanafýting og frákast sem nýta á til frágangs eins og gert er ráð fyrir. Bent skal á að nú er hægt að sækja upplýsingar um frágang á heimasíðunni namur.is. Hraun nýtur sérstakrar verndar en erfitt er að sjá hvernig komast megi hjá raski á þessari jarðmyndun sem nær yfir mjög stórt svæði. Að mati Umhverfisstofnunar á eins og hér er gert að nýta þegar röskuð svæði í stað þess að hefja efnistöku á nýjum og öröskuðum stað í Þjorsárhrauninu.

Efnistakan liggur lágt í landi þannig að efnistakan verður í hvarfi frá næstu þjóðvegum. Að mati Umhverfisstofnunar gætu helstu umhverfisáhrif efnistökkunnar falist í áhrifum á vatnsvernd ef óhöpp verða með olíu því jarðvegur er þarna gropinn þannig að vökvar eiga greiðan aðgang að grunnvatni. Röskun á jarðmyndun mun verða óafturkræf en áhrifin eru viðbót við áhrif sem þegar eru fram komin.

Virðingarfyllt

Björn Stefánsson  
Sérfræðingur

Axel Benediktsson  
Sérfræðingur



Skipulagsstofnun  
Jóhanna Hrund Einarsdóttir

Garðabær, 19. janúar 2022  
Tilvísun: 202112-0027  
LA

### Efni: Hjálmholtsnáma í Merkurhrauni

Skipulagsstofnun óskaði eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands, dags. 8. desember 2021, um mat á umhverfisáhrifum framkvæmdar er varðar áframhaldandi efnistöku úr Hjálmholtsnámu. Framkvæmdaraðili, Nesey ehf., hyggst vinna allt að 150.000 m<sup>3</sup> af efni á allt að 25 ha landsvæði í Merkurhrauni í landi Hjálmhólts.

Náttúrufræðistofnun gaf umsögn til Skipulagsstofnunar 14. apríl 2021 varðandi tillögu að matsáætlun sömu framkvæmdar. Stofnunin gerði m.a. athugasemdir við umfang efnistöku og afmörkun, spilliefni og urðun úrgangsefna, vatnsvernd og frágang efnisnámu. Mörgum af þessum athugasemdum og ábendingum hefur verið svarað í umhverfismatskýrslu sem hér er til umsagnar.

Náttúrufræðistofnun hefur farið yfir umhverfismatskýrslu ofangreindrar framkvæmdar og vill koma eftirfarandi ábendingum og athugasemdum á framfæri:

#### Afmörkun námusvæðis:

Ekki er til deiliskipulag fyrir Hjálmholtsnámu og þarf að ganga frá því sem fyrst. Óskiljanlegt er hvers vegna afmörkun námunnar (E6) í aðalskipulagi Flóahrepps er ekki í samræmi við landamerki svæðisins sem var keypt undir námuvinnsluna og miðast við fjóra hornpunkta (sjá bls. 19). Núverandi námusvæði er innan fyrrgreindra landamerkja (sjá mynd 3.1 og 4.8, á bls. 20 og 40) og þurfa skipulagsyfirvöld að finna lausn á því hver afmörkun Hjálmholtsnámu er þannig að hægt sé að koma í veg fyrir óþarfa rask á hrauni sem er utan við afmörkun námasvæðisins ef áframhaldandi efnistaka verður samþykkt. Eins þarf að setja stikur við útmörk efnistökusvæðisins fyrir verktaka námunnar.

Varðandi afmörkun námusvæðis hefur í umhverfisskýrslu verið lagður fram valkostur B sem miðast við landamerki. Fyrir valkost B stækkar efnistökusvæðið úr 25 ha í 30 ha, og vinnanlegt magn eykst um helming eða úr 150.000 m<sup>3</sup> í 300.000 m<sup>3</sup>. Náttúrufræðistofnun telur þetta efnismagn ekki geta staðist miðað við 5 ha stækkun og þarfnist nánari útskýringar. Með valkosti B þarf að breyta gildandi aðalskipulagi og uppfæra afmörkun og magntölur, eins og fram kemur í skýrslunni.

#### Gróður og fuglar:

Ekki er mikið gert úr gróðurfari og fuglalífi svæðisins í umhverfismatskýrslunni, en fram kemur að Mosamóavist er ríkjandi vistgerð á svæðinu, algeng á landsvísu og nýtur ekki verndar, og fuglalífið er rýrt með algengum varpfuglum s.s. spóa, heiðlóu og þúfutittling.





Samt sem áður er hér um að ræða 1000 ha af einsleitri vistgerð sem endurspeglar yfirborð Þjorsárhrauns og þar er að finna lífríki sem hefur fengið að þróast í þúsundir ára . Mynd 4.2 bls. 31 gefur gott yfirlit yfir náttúrufar svæðisins sem þrátt fyrir fábreytni hefur mikið gildi fyrir ásýnd og landslag. Það er mat Náttúrufræðistofnunar að ekki er hægt að segja að áhrif framkvæmdar hafi óveruleg áhrif á lífríkið.

#### **Jarðmyndanir:**

Í umhverfismatsskýrslunni eru efasemdir um verndargildi hraunsins og að fyrirhuguð efnistaka sé einungis um 0,0006% af Þjorsárhrauni (bls. 37). Náttúrufræðistofnun getur ekki fallist á þessa framsetningu því þó að rask vegna efnistöku í Merkurhrauni sé lítið miðað við heildarflatarmál Þjorsárhrauns (er reyndar 0,026%), þá er verndargildi hraunsins metið hátt vegna vísindalegs gildis, eins og fram kom í fyrri umsögn stofnunarinnar. Þá er einnig hægt að setja dæmið upp þannig að miða útreikninga eingöngu við óraskað og sýnilegt hraun á yfirborði og trúlega yrði þá hlutfall efnistökusvæðisins hærra. Þjorsárhraunið er metið einstakt á landsvísu, jafnvel á heimsvísu sem eitt mesta hraun jarðar runnið eftir ísöld. Mikilvægt er að allt rask á hrauninu sé vel ígrundað.

#### **Vatnsvernd:**

Fram kemur í tillögu að matsáætlun að ÍSOR hafi skoðað hugsanleg áhrif efnistöku á vatnsverndarsvæðið og að fjallað verði um niðurstöður þeirra rannsókna í frummatsskýrslu. Í umhverfismatsskýrslu kemur í ljós að stuðst er við skýrslu ÍSOR frá 2016 „Vatnsverndarsvæði nálægt Bitru í Flóahreppi“ og því er ekki um nýja úttekt eða rannsókn að ræða eða að hún sé beinlínis tengd námusvæðinu. Í vinnslu þessarar umsagnar var skýrslan ekki aðgengileg Náttúrufræðistofnun og er því hér stuðst við það sem fram kemur í umhverfismatsskýrslu:

*bls.47: Grunnvatnsstraumurinn er aðallega í 30-40 m þykku lagi í neðri hluta hraunsins og efst í setlögum sem eru undir hrauninu og er að megninu til frá austri til vesturs. Efnistökusvæðið er líklega á vatnasviði brunnsvæðanna þó að það sé ekki víst.*

*bls. 48; Niðurstaða skoðunar ÍSOR: „Efnisnáma í Merkurhrauni, sem er um 1.200 m austan þess brunnsvæðis sem nær er, þarf ekki að ógna vatnsbólunu ef farið er að gát við vinnsluna.“*

*bls. 49; Í álitgerð Íslenskra Orkurannsókna (ÍSOR): „efnisnáma er í Merkurhrauni um 1.200 m austan við eystra brunnsvæðið og 2.200 m austan við vestara brunnsvæðið. Líklegt er að hún sé á vatnasviði brunnsvæðanna þótt það sé ekki víst. Samkvæmt venjulegum viðmiðum ætti þessi fjarlægð að vera næg ef vel er gengið um námuna og rétt að vatnsbóli staðið.“*

Út frá þessum tilvitnunum í skýrslu ÍSOR, metur Náttúrufræðistofnun að ýmsir óvissuþættir varðandi vatnsvernd séu enn fyrir hendi og á meðan sú óvissa er til staðar þarf sérstaka aðgát við námuvinnsluna.

#### **Mat á umhverfisáhrifum:**

Í samantekt (bls. 52) má sjá í töflu 6.1 mat á heildaráhrifum framkvæmdarinnar á einstaka umhverfisþætti og eru þeir allir metnir verða fyrir óverulegum neikvæðum áhrifum. Náttúrufræðistofnun getur ekki tekið undir þetta mat þar sem námuvinnslunni fylgir



umfangsmikið rask og brotnám á yfirborði hrauns sem er grunnur fyrir núverandi vistgerðir og búsvæði. Hraunið verður ekki endurheimt en með frágangi námunnar verður til nýr grunnur, jarðvegsgrunnur, þar sem aðrar vistgerðir, en þær sem nú ríkjá á Merkurhrauni, koma til með þrífast. Þessar breytingar verða varanlegar og koma til með að breyta núverandi heildarásýnd Merkurhrauns.

Náttúrufræðistofnun gerir ekki frekari athugasemdir.

Virðingarfyllst,

Lovísa Ásbjörnsdóttir  
jarðfræðingur





Minjastofnun  
Íslands

The Cultural  
Heritage Agency  
of Iceland

Umhverfis- og skipulagssvið

Suðurgata 39  
101 Reykjavík

(354) 570 13 00

[www.minjastofnun.is](http://www.minjastofnun.is)

Kennitala: 440113-0280

Skipulagsstofnun  
Þórdís Stella Erlingsdóttir  
Borgartúni 7 b  
105 Reykjavík

Reykjavík 20. janúar 2022  
MÍ202201-0102/ 6.07 / K.M.

## Efni: Hjálmholtsnáma í Flóahreppi.

Minjastofnun Íslands hefur mótttekið tölvupóst Skipulagsstofnunar frá 8. des. s.l. þar sem óskað er eftir umsögn um mat á umhverfisáhrifum ofangreindrar framkvæmdar.

Hjálmholtsnáma er í landi Hjálmhólts í Flóahreppi. Náman er í svokölluðu Merkurhrauni milli Þjórsár og Hvítár. Um 300 m norðan námunnar er Hvítá og handan hennar Hestfjall. Efni hefur verið unnið í Hjálmholtsnámu frá því um 1980. Núverandi stærð námunnar er um 12 ha. Fyrirtækið Nesey ehf. fyrirhugar er að vinna allt að 150.000 m<sup>3</sup> efnis úr námunni á allt að 25 ha svæði.

Í kafla 3.1 í umhverfismatsskýrslu er fjallað um valkosti. Þar segir að auk aðalvalkostar sem fjallað er um hér að ofan hafi valkostur B verið til skoðunar. Valkostur B feli í sér að vinna efni innan þeirrar afmörkunar sem landamerki segi til um. Það svæði sé um 30 ha að stærð og að áætlað vinnanlegt magn efnis innan þess svæðis séu um 300.000 m<sup>3</sup>.

Fjallað er um fornleifar í kafla 4.6 í umhverfismatsskýrslu. Eins og þar kemur fram hafa fornleifar í þeim hluta Flóahrepps sem náman er í verið skráðar. Fyrir liggur skýrsla Fornleifastofnunar Íslands ses, *Fornleifaskráning í Flóahreppi. Áfangaskýrsla II*. Mynd 4.8 í umhverfismatsskýrslu er yfirlitsmynd úr skýrslu Fornleifastofnunar sem sýnir fornleifar í nágrenni Hjálmholtsnámu. Útlínur stækkaðrar námu hafa verið dregnar inn á loftmyndina.

Engar fornleifar eru skráðar innan fyrirhugaðs efnistökusvæðis. Við suðurjaðar svæðisins liggur gömul leið (ÁR-076:061). Í umhverfismatsskýrslu kemur fram að hluta leiðarinnar hafi verið raskað en þar liggja nú vegslóði að sumarbústað. Fyrirhuguð stækkun á efnistökusvæðinu muni ekki ná yfir leiðina eða raska henni frekar. Aðrar fornleifar sem skráðar eru í nágrenni efnistökusvæðisins eru í 150

Vakin er athygli á því að skv. 51 gr. laga um menningarmínjar nr. 80/2012 eru ákvarðanir Minjastofnunar Íslands skv. 20., 23., 24., 28., 42. og 43 gr. sömu laga endanlegar á stjórnisýslustigi og ekki kærarlegar til æðra stjórnvalds. Jafnframt er vakin athygli á því að skv. 21. gr. stjórnisýslulaga nr. 37/1993 getur aðili máls óskað eftir skriflegum rökstuðningi stjórnvalds fyrir ákvörðun hafi stíkur rökstuðningur ekki fylgt ákvörðuninni þegar hún var tilkynnt. Beiðni um rökstuðning fyrir ákvörðun skal bera fram innan 14 daga frá því að aðila var tilkynnt ákvörðunin og skal stjórnvald svara henni innan 14 daga frá því hún barst.

**Kristinn Magnússon**  
Verkefnastjóri  
[kristinn@minjastofnun.is](mailto:kristinn@minjastofnun.is)




m fjarlægð frá námusvæðinu eða meira og verða ekki fyrir áhrifum af efnistöku.

Í umhverfismatsskýrslu segir að engar fornleifar séu innan valkostar B aðrar en leið ÁR-076:061 við suðurjaðar svæðisins. Leiðinni hafi þegar verið raskað. Áhrif valkostar B á fornleifar séu því sambærileg við áhrifin á aðalvalkost.

Minjastofnun Íslands gerir ekki athugasemd við mat á umhverfisáhrifum ofangreindrar framkvæmdar. Bent skal á 2. mgr. 24. gr. laga um menningarminjar (Nr. 80/2012) sem hljóðar svo: *Ef fornminjar sem áður voru ókunnar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd án tafar. Skal Minjastofnun Íslands láta framkvæma vettvangskönnun umsvifalaust svo skera megi úr um eðli og umfang fundarins. Stofnuninni er skylt að ákveða svo fljótt sem auðið er hvort verki megi fram halda og með hvaða skilmálum. Óheimilt er að halda framkvæmdum áfram nema með skriflegu leyfi Minjastofnunar Íslands.*

Virðingarfyllst,  
f.h. Minjastofnunar Íslands



Kristinn Magnússon  
verkefnastjóri

Afrit sent í tölvupósti:

Þórdís Stella Erlingsdóttir ([thordis.stella.erlingsdottir@skipulag.is](mailto:thordis.stella.erlingsdottir@skipulag.is))

Skipulagsstofnun ([skipulag@skipulag.is](mailto:skipulag@skipulag.is))



Austurvegur 65 - 800 Selfoss

Sími 480 8250 – Veffang [www.hsl.is](http://www.hsl.is) – Netfang [hsl@hsl.is](mailto:hsl@hsl.is) – Kennitala 480284-0549

**Skipulagsstofnun  
Borgartúni 7b  
105 Reykjavík**

Selfossi, 19. janúar 2022  
2103074HS SHJ

### **Efni: Hjálmholtsnáma í Flóahreppi - Umsögn um umhverfismatsskýrslu**

Þann 8. desember 2021. móttók Heilbrigðiseftirlit Suðurlands tölvupóst frá Skipulagsstofnun, þar sem óskað er eftir umsögn embættisins um umhverfismatsskýrslu vegna fyrirhugaðar áframhaldandi efnistöku í Hjálmholtsnámu í Flóahreppi.

Um er að ræða eldri námu sem þegar hefur verið í notkun í nokkra áratugi. Áætlað er að vinna alls um 150.000 m<sup>3</sup> af efni úr námunni á um 25 ha svæði, en þegar hefur verið unnið efni úr um 12 ha innan þess svæðis sem afmarkað er í gildandi aðalskipulagi Flóahrepps 2017-2029. Áætlað er að svæðið dugi fyrir efnistöku í allt að 20 ár miðað við sambærilega efnistöku og undanfarin ár eða vinnslu um 7.500 m<sup>3</sup> efnis að meðaltali á ári.

Heilbrigðiseftirlit Suðurlands hefur farið yfir ofangreinda umhverfismatsskýrslu fyrir téða framkvæmd og gerir engar athugasemdir við niðurstöður hennar, að því gefnu að framkvæmdaraðili fari að ákvæðum starfsleyfis Heilbrigðisnefndar Suðurlands, framkvæmdaleyfis sveitarstjórnar og verklags- og öryggisreglum þeim sem lagðar voru til grundvallar niðurstöðu umhverfismats um óveruleg áhrif áframhaldandi efnisvinnslu í Hjálmholtsnámu á vatnsvernd og mögulega framtíðarnýtingu vatnsbóls í Bugalæk til töku neysluvatns.

Heilbrigðiseftirlit Suðurlands veitir starfsleyfi fyrir vinnslu jarðefna, þ.m.t. malar-, vikur- og grjótnám og steinmölun og framleiðslu á ofanburði og fyllingarefnum skv. IV. viðauka með lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og X. viðauka með reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit.

F.h. Heilbrigðiseftirlits Suðurlands,

  
Stella Hrönn Jóhannsdóttir,  
heilbrigðisfulltrúi



## Umsögn Flóahrepps

Til : Þórdís Stella Erlingsdóttir  
Frá : Sveitarstjóri Flóahrepps <floahreppur@floahreppur.is>  
Heiti : Umsögn Flóahrepps  
Málsnúmer : 202111019  
Málsaðili : Nesey ehf.  
Skráð dags : 19.01.2022 16:08:09  
Höfundur : Sveitarstjóri Flóahrepps <floahreppur@floahreppur.is>  
Viðhengi image001.jpg

Til skipulagsstofnunar

Eftirfarandi bókun var gerð undir liðnum „Fundargerð skipulagsnefndar nr. 230 dags. 20.12.2021“, á 257. fundi sveitarstjórnar Flóahrepps dags. 11. janúar 2022 er varðar málið:

### „Fundargerð skipulagsnefndar nr. 230 dags. 20.12.2021

#### a) Áframhaldandi efnistaka út Hjálmholtsnámu; Umsagnarbeiðni - 2112040

Lögð er fram umsagnarbeiðni frá Skipulagsstofnun er varðar mat á umhverfisáhrifum framkvæmda fyrir áframhaldandi efnistöku úr Hjálmholtsnámu. Í umsögn umsagnaraðila skal koma fram hvort umsagnaraðili hafi athugasemdir við umfjöllun í umhverfismatsskýrslu út frá starfssviði umsagnaraðila, svo sem um gögn sem byggt er á, úrvinnslu gagna, mat á vægi og eðli umhverfisáhrifa eða framsetningu umhverfismatsskýrslu. Einnig, ef á skortir, hvaða atriðum umsagnaraðili telur að gera þurfi frekari skil eða hafa sérstaklega í huga við leyfisveitingar, svo sem varðandi mótvægisáðgerðir og vöktun. Leyfisveitendur skulu í umsögn sinni gera grein fyrir þeim leyfum sem eru á starfssviði þeirra og framkvæmdin er háð.

*Skipulagsnefnd UTU gerir ekki athugasemdir við framlagða umhverfisskýrslu. Framkvæmdir á grundvelli fyrirspurnar eru eftir atvikum háðar útgáfu bygginga- og framkvæmdaleyfa af hálfu sveitarfélagsins.*

Sveitastjórn Flóahrepps gerir ekki athugasemdir við framlagða umhverfisskýrslu vegna áframhaldandi efnistöku úr Hjálmholtsnámu. Sveitarstjórn telur að innan skýrslunnar sé á fullnægjandi hátt gert grein fyrir framkvæmdinni, umhverfi hennar, mótvægisáðgerðum og vöktun. Framkvæmdir á grundvelli fyrirspurnar eru eftir atvikum háðar útgáfu bygginga- og framkvæmdaleyfa af hálfu sveitarfélagsins.

Bókun samþykkt með 5 atkvæðum.“

Bókun sveitarstjórnar Flóahrepps tilkynnist hér með.

*Eydís Þ. Indriðadóttir*  
Sveitarstjóri Flóahrepps

Flóahreppur  
Þingborg  
803 Selfoss  
[www.floahreppur.is](http://www.floahreppur.is)  
[floahreppur@floahreppur.is](mailto:floahreppur@floahreppur.is)  
Sími: 480 4370

---

**From:** Þórdís Stella Erlingsdóttir  
**Sent:** miðvikudagur, 19. janúar 2022 14:47  
**To:** Sveitarstjóri Flóahrepps  
**Subject:** FW: Flóahreppur\_Umsagnarbeiðni - Hjálmholtsnáma

Góðan dag,

Ég minni á að umsagnarfrestur vegna ofangreinds máls er út daginn í dag.

Kveðja,

---

**Þórdís Stella Erlingsdóttir**

Sérfræðingur, svið umhverfismats / Specialist, Environmental Assessment

Skipulagsstofnun - National Planning Agency

Borgartún 7b, 105 Reykjavík, Ísland - Iceland

sími 595 4100

[thordis.stella.erlingsdottir@skipulag.is](mailto:thordis.stella.erlingsdottir@skipulag.is)

[www.skipulag.is](http://www.skipulag.is)

[www.facebook.com/skipulagsstofnun](https://www.facebook.com/skipulagsstofnun)



---

**From:** Jóhanna Hrund Einarsdóttir

**Sent:** 08.12.2021 13:36:05

**To:** [floahreppur@floahreppur.is](mailto:floahreppur@floahreppur.is)

**Subject:** Flóahreppur\_Umsagnarbeiðni - Hjálmholtsnáma

Góðan dag

Nesey ehf. hafa tilkynnt til athugunar Skipulagsstofnunar umhverfismatsskýrslu um áframhaldandi efnistöku úr Hjálmholtsnámu.

Meðfylgjandi er umhverfismatsskýrsla ofangreindrar framkvæmdar.

Skipulagsstofnun fer fram á að Flóahreppur gefi umsögn um mat á umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar. Umsagnaraðilar skulu gefa álit sitt í samræmi við 16. gr. reglugerðar nr. 1381/2021 um umhverfismat framkvæmda og áætlana.

Í umsögn umsagnaraðila skal koma fram hvort umsagnaraðili hafi athugasemdir við umfjöllun í umhverfismatsskýrslu út frá starfssviði umsagnaraðila, svo sem um gögn sem byggt er á, úrvinnslu gagna, mat á vægi og eðli umhverfisáhrifa eða framsetningu umhverfismatsskýrslu. Einnig, ef á skortir, hvaða atriðum umsagnaraðili telur að gera þurfi frekari skil eða hafa sérstaklega í huga við leyfisveitingar, svo sem varðandi mótvægisáðgerðir og vöktun. Leyfisveitendur skulu í umsögn sinni gera grein fyrir þeim leyfum sem eru á starfssviði þeirra og framkvæmdin er háð.

Umsögn óskast send Skipulagsstofnun í síðasta lagi 19. janúar 2022 á tölvupóstföngin:

[skipulag@skipulag.is](mailto:skipulag@skipulag.is) og [thordis.stella.erlingsdottir@skipulag.is](mailto:thordis.stella.erlingsdottir@skipulag.is).

Með kveðju,

---

**Jóhanna Hrund Einarsdóttir**

Sérfræðingur, svið umhverfismats / Specialist, Environmental Assessments

Skipulagsstofnun - National Planning Agency

Borgartún 7b, 105 Reykjavík, Ísland - Iceland

sími 595 4100

[Johanna.H.Einarsdottir@skipulag.is](mailto:Johanna.H.Einarsdottir@skipulag.is)

[www.skipulag.is](http://www.skipulag.is)

[www.facebook.com/skipulagsstofnun](https://www.facebook.com/skipulagsstofnun)